

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**660. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 20. september 2010
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Viðræður við Sýslumanninn á Blönduósi um almannavarnir og löggæslumál.
2. Viðræður við umhverfisstjóra.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 13. september sl.
4. Bréf Skipulagsstofnunar.
5. Málefni Félagsmiðstöðvarinnar Óríon.

Afgreiðslur:

1. Sýslumaðurinn á Blönduósi og starfsmenn hans eru mættir til viðræðna við byggðarráð um almannavarnir og löggæslumál. Sýslumaður kynnti nýtt skipurit almannavarna í Húnavatnssýslum. Byggðarráð samþykkir skipuritið fyrir sitt leyti. Sveitarstjóra falið að vera í sambandi við sveitarstjóra/oddvita í Austur-Húnavatnssýslu vegna tilnefninga í aðgerðarstjórn almannavarna. Farið yfir stöðu og framtíðarhorfur í löggæslumálum í Húnavatnssýslum.
2. Umhverfisstjóri er mættur til viðræðna við byggðarráð um hugmyndir um skipulag við Syðri-Hvammssá neðan brúar við Brekkugötu/Strandgötu. Byggðarráð samþykkir að láta kostnaðargreina hugmyndina.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 13. sept. s.l.
4. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 10.sept. s.l. Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun er að hefja vinnu við gerð nýrrar skipulagsreglugerðar með hliðsjón af nýjum skipulagslögum sem samþykkt voru á Alþingi 9. sept. 2010. Óskar stofnunin eftir ábendingum og tillögum frá sveitarfélögunum varðandi einstaka greinar reglugerðarinnar. Bréfinu vísað til umfjöllunar skipulags-og umhverfisráðs.
5. Málefni félagsmiðstöðvarinnar Óríon. Formaður byggðarráðs lagði fram eftirfarandi tillögu“ Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að leita eftir samkomulagi við stjórn Félagsheimilisins Hvammstanga um uppsögn leigusamnings um húsnæði fyrir félagsmiðstöð sem undirritaður var þann 28. maí s.l. „ Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum. Ragnar Smári Helgason situr hjá við afgreiðslu tillögunnar. Samþykkt að taka á dagskrá.
6. Byggðarráð samþykkir að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar sem halda átti fimmtudaginn 14. október n.k. verði haldinn þriðjudaginn 12. október n.k. kl 15:00. Breytingin er vegna fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin verður dagana 14. og 15. okt. 2010.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:27

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Ragnar Smári Helgason.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundaritari